

Háskólaráð

Fundur 22. ágúst 2014

Fundargerð:

Mættir: Vilhjálmur Egilsson (ritaði fundargerð), Ólafur Ísleifsson, Guðmundur Ólafsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir og Guðjón Freyr Gunnarsson

Tölvupóst höfðu sent og gefið samþykki sitt fyrir afgreiðslu gæðaskjala: Anna Elísabet Ólafsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir.

Andrea afboðaði sig með tölvupósti.

1. Fundargerð síðasta fundar
 - a. Afgreiðslu fundargerðar frestað til næsta fundar.
2. Afgreiðsla gæðaskjala
 - a. Ólafur Ísleifsson fór yfir tillögur um endurnýjuð gæðaskjöl og aðdragandum að endurskoðun þeirra. Óskað er eftir því að skjölin verði afgeidd þannig að kynna megi þau nýnemum. Rætt um þörfina fyrir að kennarar þekki reglurnar. Rætt um hvort sama eigi að gilda um misserisverkefni og mun gilda um meistararitgerðir frest prófdómara til að gera umsögn og passa að verkefni fari ekki í vörn ef séð er framá að ritgerð/verkefni fái ekki tilskylda lágmarkseinkunn. Rætt um vanda ef prófdómari og kennari eru ekki sammála. Rætt um hugsanlega opnun meistaravarna. Rætt um hvort reglurnar gildi fyrir verkefni sem þegar eru hafin/samþykkt s.s. 14 eininga ritgerð í lögfræði. Gæðaráð þarf að fara vandlega yfir þetta þannig að það sé alveg skýrt hvað gildir. Fjallað var um eftirfarandi skjöl sem voru samþykkt.
 - i. F110 – Reglur um nám og kennslu
 - ii. F115 – Reglur um réttindi og skyldur nemenda
 - iii. F180 - Leiðbeiningar um ritun lokaritgerða í grunnnámi
 - iv. F230 – Meistararitgerðir
 - v. F250 – Reglur um lokapróf og mat á úrlausnum
3. Önnur mál
 - a. Rætt um líkur á svindli í prófum í Háskólanum á Bifröst. Reglulegur fundur í Háskólaráði verður 2. sept. Það verður lokafundur núverandi ráðs og leitað eftir tilnefningum í framhaldinu.